

2. gr.

24. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 3/1977, orðist svo:

Árin 1976—1982 skal lífeyrir samkvæmt II. kafla hvert ár miðast við grundvallarlaun undanfarandi 5 almanaksára. Síðan er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla, sem þegar hefur verið úrskurðaður. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1983.

Árin 1980—1982 skal lífeyrir samkvæmt I. kafla miðast við sömu grundvallarlaun og lífeyrir samkvæmt II. kafla, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Aftan við 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða), sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 3/1977, bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. og orðist svo:

Árin 1980—1982 skulu lífeyrisgreiðslur þær, sem nefndar eru í 3. mgr., hækka með sama hætti og árin 1978—1979. Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar, sem greidd er lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, skulu þau þrjú ár horin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 16. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, sem hljóðar svo:
Ennfremur að reisa og reka raforkuver eftir því sem hagkvæmt þykir.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, 13. gr., sem hljóðar svo:
Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að stækka raforkuver sitt í Svartsengi um allt að 6 MW og reisa og reka flutningslínur til þess að tengja orkuverið við orkuflutningskerfi Suðurnesja.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum, er Hitaveita Suðurnesja tekur í þessu skyni, allt að kr. 1000 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt.

Röð annarra greina breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 9. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. grein laganna orðist svo:

Gerð og viðhald þeirrar skráningar, sem um ræðir í lögum þessum, annast sérstök ríkisstofnun sem nefnist Fasteignamat ríkisins. Stofnunin starfar á ábyrgð fjármálaráðuneytisins og undir umsjón þess. Fasteignamat ríkisins er A-hluta stofnun skv. lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Ráðherra hefur heimild til að fela öðrum opinberum aðilum, þ. m. t. einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra, skráningu fasteigna skv. lögum þessum, eða einstaka þætti hennar, ef slík breyting þykir hagkvæm.

Þrátt fyrir ákvæði 19. greinar er ráðherra heimilt að fela einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra að annast tiltekin störf til undirbúnings að mati fasteigna skv. IV. kafla laga þessara. Í því tilviki skal gætt ákvæða 9. greinar laga þessara, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.